

Fimmtudaginn 12. september 1996.

Nr. 337/1996.

Gunnar Pétursson

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

**Iðnlánasjóði og
íslenska ríkinu**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Kærumál. Aðild. Gagnaöflun. Skjöl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. september 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1996, þar sem synjað er kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila Iðnlánasjóði verði gert að leggja gögn fyrir dóminn í máli sóknaraðila á hendur íslenska ríkinu. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila Iðnlánasjóði verði gert að afhenda eftirfarandi gögn:

1. Skjöl, sem sýni ráðstöfun fjár samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð árið 1995 og næstu sex ár þar á undan, bókanir ákvarðana um ráðstöfun þess og önnur skjöl, sem að því lúta.

2. Skjöl, sem sýni framlög til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði samkvæmt 8. gr. laga nr. 76/1987 árið 1995 og sex ár þar á undan, einnig, hverjir fengu framlögin, bókanir ákvarðana um ráðstöfun þeirra og önnur skjöl, sem fjalla um ráðstöfun umrædds fjár.

3. Afrit af skráningu lántakenda eftir flokkun sjóðsins á lántakendum, eins og hún er skráð af þessum varnaraðila í samræmi við umsóknir lántakenda, sem sýni annars vegar hlutfall útlána til greiðenda iðnlánasjóðsgjalds og hins vegar til aðila, sem ekki greiddu iðnlánasjóðsgjald árið 1995 og sex ár þar á undan.

4. Veðskuldabréf og önnur lánsskjöl vegna lánveitinga til Óss hf., Óss-húseininga hf., Háteigs hf., Sólar hf. og Álafoss hf., bókanir ákvarðana um veitingu lánanna, umsóknir um lán, sem veitt voru,

og fylgiskjöl með þeim, fram lögð gögn um kostnaðarverð þess, sem lánað var, auk brunabótamats eða annarra sambærilegra viðmiðana við veitingu lánanna, einnig gögn, sem lágu fyrir, í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 76/1987, ábyrgð til „NIB“ vegna vélakaupa Byggingarfélagsins Óss hf., bókun um veitingu hennar, almennar reglur sjóðsins um lánshlutfall vegna annars vegar fasteignalána og hins vegar vélalána árin 1985 til 1992 og önnur skjöl, sem fjalla um veitingu umræddra lána.

5. Álitgerð, sem Baldur Guðlaugsson hrl. tók saman fyrir þennan varnaraðila og varðar ýmis lagaákvæði um sjóðinn.

Þá krefst sóknaraðili þess, að kröfu varnaraðila Iðnlánasjóðs um málskostnað verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að málskostnaður verði ekki dæmdur. Auk þess er gerð krafa um málskostnað úr hendi varnaraðila íslenska ríkisins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili Iðnlánasjóður krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er gerð sú krafa, að umbeðin gögn verði lögð fyrir dómara í trúnaði, sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili íslenska ríkið krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar, en til vara, að málskostnaður og kærúmálskostnaður verði látinn niður falla.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Það athugast, að aðild varnaraðila íslenska ríkisins að þessum þætti málsins var óþörf bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Í málinu er til úrlausnar skylda þriðja manns til að afhenda sóknaraðila skjöl, en ekki, hvort honum væri að þeim gögnum fengnum heimilt að leggja þau fram í málinu milli sóknaraðila og varnaraðila íslenska ríkisins.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað til varnaraðila Iðnlánasjóðs skulu standa óröskuð. Sóknaraðila verður hins vegar gert að greiða kærúmálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Gunnar Pétursson, greiði varnaraðila Iðnlánasjóði 35.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1996.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 18. f. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi, Gunnar Pétursson, Bjargartanga 16, Mosfellsbæ, lét 19. apríl sl. birta Iðnlánasjóði kröfu um afhendingu skjala til framlagningar í málinu. Í þinghaldi 10. maí sl. var mætt af hálfu Iðnlánasjóðs og lögð fram rökstudd synjun. Lögmaður hans tók þátt í málflutningi um ágreiningsatriði það, sem hér er til úrskurðar, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi krefst þess, að Iðnlánasjóður verði með úrskurði skyldaður til að upplýsa um eftirfarandi atriði með framlagningu skjala, sbr. 3. tl. 67. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 5. tl. 51. gr. s. l., til sönnunar þeirri málsástæðu sinni, að Iðnlánasjóður hafi ekki ráðstafað iðnlánasjóðsgjaldi lögum samkvæmt:

1. Ráðstöfun fjár skv. 4. mgr. 1. tl. 5. gr. laga nr. 76/1987 árið 1995 og næstu sex ár þar á undan.

2. Framlög skv. 8. gr. laga nr. 76/1987 árið 1995 og næstu sex ár þar á undan og hverjir fengu þau.

3. Hlutfall útlána til greiðenda iðnlánasjóðsgjalds og hins vegar til aðila, sem ekki greiða iðnlánasjóðsgjald árið 1995 og næstu sex ár þar á undan.

4. Lánveitingar til Óss hf., Óss-húseininga hf., Háteigs hf., Sólar hf. og Álafoss hf., kostnaðarverð þess, sem lánað var til (ekki brunabótamat eða aðrar sambærilegar viðmiðanir við veitingu lánanna), gögn, sem fyrir lágu í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 76/1987. Telji sjóðurinn, að eitthvað af þessum upplýsingum sé komið frá lántökum og 21. gr. laga nr. 76/1987 eigi því við, en stefnandi telur svo ekki vera, óskast þær engu að síður lagðar fyrir dóminn í samræmi við 69. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

5. Álitssgerð, sem Baldur Guðlaugsson hrl. vann fyrir sjóðinn um ýmis lagaákvæði, sem gilda um sjóðinn.

Stefndi krefst þess, að kröfum stefnanda verði hafnað.

Af hálfu Iðnlánasjóðs er þess krafist, að hafnað verði kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómarans að meðtöldum virðisaukaskatti. Til vara er þess krafist, verði fallist á kröfur stefnanda, að skjölin verði lögð fyrir dómarann í trúnaði.

Málinu var vísað frá dómi með úrskurði, upp kveðnum 23. febrúar sl. Úrskurðurinn var staðfestur að hluta með dómi Hæstaréttar Íslands 19. mars 1996 (mál nr. 104/1996). Að gengnum þeim dómi verður efnislega til úrlausnar í máli þessu krafa stefnanda um, „að felld verði úr gildi álagning iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds 1995 á Gunnar og Kjartan sf., kt. 570190-1139, Bjargartanga 16, Mosfellsbæ“.

Fyrrgreind rökstudd synjun Iðnlánasjóðs er svohljóðandi:

„1. 3. tl. 67. gr. l. nr. 91/1991 gerir ráð fyrir skjölum til framlagningar máli, ef vörslumanni er skylt að afhenda það aðilanum án tillits til málsins eða efni skjalsins er slíkt, að vörslumanni sé skylt að bera vitni um það í málinu.

Í liðum 1 til 4 í kvaðningu lögmanns sóknaraðila er ekki um að ræða kröfur um framlagningu tiltekinna skjala, eins og tilvitnaður töluliður greinarinnar gerir ráð fyrir, heldur kröfur um upplýsingar um samskipti og viðskipti við meginþorra viðskiptamanna sjóðsins.

2. Hvað varðar lið 2 og 3 í kvaðningunni, aflar Iðnlánasjóður ekki gagna um félagsaðild að samtökum iðnaðarins við afgreiðslu lána- og styrkumsókna. Þeirra gagna er ekki aflað og var ekki heldur aflað, hvað forvera þeirra áhrærir, hvorki frá umsækjendum né viðkomandi samtökum. Engin slík skjöl eru því til staðar hjá Iðnlánasjóði.

Hvað iðnlánasjóðsgjaldið áhrærir, er það aðeins lítill hluti af tekjum sjóðsins og fjármagns, sem til ráðstöfunar er á hverju ári. Gjaldinu er að mestu fyrir fram ráðstafað skv. 5. gr. laga um sjóðinn nr. 76/1987 (10% til hagrannsókna og iðnþróunar) og skv. 8. gr. (4/7 hlutar til vöruþróunar- og markaðsdeildar sjóðsins). Þessum tekjum sem öðrum hefur sjóðurinn ráðstafað lögum samkvæmt.

3. Ekki verður ráðið í, hvaða upplýsingar sóknaraðili er að óska eftir í 1. lið kvaðningarinnar, þ. e. með tilvísun í „4. mgr. 1. tl. 5. gr. l. nr. 76/1987“.

4. Upplýsingar um samskipti og viðskipti við einstaka viðskiptamenn sína er Iðnlánasjóði óheimilt að veita, sbr. 21. gr. l. nr. 76/1987 og 7. gr. l. nr. 123/1993, sbr. 43. gr. l. nr. 43/1993. Jafnframt vísast til c-liðar 2. mgr. 53. gr. l. nr. 91/1991.

5. Varðandi 5. lið kvaðningarinnar hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á, að viðkomandi álitserð geti varðað hagsmuni hans á nokkurn máta.

6. Kröfur sóknaraðila um upplýsingar og framlagningu skjala eru ekki studdar neinum rökum, og ekki er greint frá, hvernig þessar umbeðnu upplýsingar/skjöl tengist málatalilbúnaði hans í umræddu máli gegn íslenska ríkinu.

Sóknaraðili hefur ekki gert grein fyrir því, hvað það er, sem hann hyggst sanna með hinum umbeðnu gögnum. Þá hefur hann ekki heldur fært rök fyrir því, að þau gögn geti skipt máli um úrlausn þeirrar kröfugerðar, sem hann hefur uppi á hendur íslenska ríkinu, eða að forráðamönnum Iðnlánasjóðs væri skylt að bera vitni um efni þeirra eða afhenda þau án tillits til málsins, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991.

Að lokum skal það tekið fram, að erindi þessu hefur sóknaraðili ekki beint til sjóðsins áður.“

Um 5. tölulið í kröfugerð stefnanda:

Lögfræðileg álitagerð Baldurs Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns er bersýnilega tilgangslaus til sönnunar um atvik, sem þýðingu hafa við úrlausn málsins.

Um töluliði 1-4 í kröfugerð stefnanda:

Kröfugerðin tekur til ótiltekings og að líkindum mjög verulegs fjölda skjala og er því ekki í samræmi við 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991, sem veitir aðila rétt til að krefjast þess að fá afhent „skjal í vörslum manns, sem er ekki aðili að máli“. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu er einnig tekið fram, að eigi þykir vera sýnt fram á, að öðrum skilyrðum tilvitnaðs lagaákvæðis sé fullnægt, þ. e., að vörslumanni skjals sé skylt að afhenda það aðilanum án tillits til málsins eða efni skjalsins sé slíkt, að vörslumanni sé skylt að bera vitni um það í málinu.

Samkvæmt þessu er niðurstaða úrskurðarins sú, að Iðnlánasjóði er óskylt að leggja hin umbeðnu gögn fyrir dóminn.

Stefnandi greiði Iðnlánasjóði alls 50.000 krónur í málskostnað.

Úrskurðinn kveður upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Iðnlánasjóði er óskylt að leggja hin umbeðnu gögn fyrir dóminn.

Stefnandi, Gunnar Pétursson, greiði Iðnlánasjóði 50.000 krónur í málskostnað.
